

Borgarráð

Ráðning í sumarstörf á leikskólum Reykjavíkur

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur ásamt greinargerð, dags. 14. mars sl., um að ráðið verði í sumarstörf á leikskólum Reykjavíkurborgar til þess að vekja áhuga ungs fólks á leikskólum sem eftirsóknaverðum starfsvettvangi. Annars vegar verði um að ræða ungt fólk sem hefur áhuga á að fara í háskólanám á uppeldis- og menntunarsviði að loknu stúdentsprófi t.d. kennaradeild, íþróttá-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild og uppeldis- og menntunarfræðideild og hins vegar sumarstörf fyrir ungt fólk á 17. aldursári. Nánari útfærsla skal vera í höndum sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Tillaga skóla- og frístundaráðs ásamt greinargerð, dags. 14. mars sl.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Málsnr.: R18030139
Skjalasafn Ráðhúss
19. mars 2018
Bréfalykill: 5923

Reykjavík, 15. mars 2018

SFS2018030076

1.0

HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Ráðning í sumarstörf á leikskólum Reykjavíkurborgar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. mars 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata:

Lagt er til að ráðið verði í sumarstörf á leikskólum Reykjavíkurborgar til að vekja áhuga ungs fólks á leikskólum sem eftirsóknarverðum starfsvettvangi. Annars vegar verði um að ræða störf fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á að fara í háskólanám á uppeldis- og menntunarsviði að loknu stúdentsprófi t.d. kennaradeild, íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild og uppeldis- og menntunarfræðideild og hins vegar sumarstörf fyrir ungt fólk á 17. aldursári. Nánari útfærsla er falin sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Greinargerð fylgir.

Tillaga skóla- og frístundaráðs var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasvið

Hjálagt:
Greinargerð

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata um viðbótarsumarstörf á leikskólum sumarið 2018

Lagt er til að ráðið verði í sumarstörf á leikskólum Reykjavíkurborgar til að vekja áhuga ungs fólks á leikskólum sem eftirsóknarverðum starfsvettvangi. Annars vegar verði um að ræða störf fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á að fara í háskólanám á uppeldis- og menntunarsviði að loknu stúdentsprófi t.d. kennaradeild, íþróttá-, tólmstunda- og þroskajálfadeild og uppeldis- og menntunarfræðideild og hins vegar sumarstörf fyrir ungt fólk á 17. aldursári. Nánari útfærsla er falin sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Greinargerð

Stóra verkefnið undanfarin misseri á skóla- og frístundasviði hefur verið að manna störfin og hvetja fleiri einstaklinga til þess að gera kennslu- og uppeldisstörf að framtíðarstarfi. Gera má ráð fyrir að staðan verði svipuð haustið 2018 eins og árið í ár og að það verði töluvert verkefni að manna öll störfin. Þar af leiðandi er mikilvægt að leita allra leiða til þess hefja undirbúning á því verkefni.

Margir starfsmenn sem eru í kennslu- og uppeldisstörfum í dag kynntust upphaflega þeim störfum í gegnum sumarstarf. Það var ekki endilega á áætlun hjá viðkomandi að leggja þá starfsgrein fyrir sig en eftir að hafa kynnst starfinu og hversu gefandi og líflegt það er fór það oft þannig að viðkomandi tók þá ákvörðun að mennta sig á því sviði og gera það að framtíðarstarfsvettvangi. Undanfarin ár hefur skipulag verið með þeim hætt að lítið sem ekkert hefur verið um sumarstörf á skóla- og frístundasviði og einstaklingar hafa því ekki fengið þetta tækifæri að prófa að vinna á þessum vettvangi í stuttan tíma. Markmiðið með þessu verkefni er að kynna starfið fyrir ungu fólki með það að markmiði að fjölga þeim sem velja þetta starf til framtíðar.

Um verður að ræða tvo markhópa:

Sumarstörf í leikskóla fyrir ungt fólk með áhuga á námi á kennslu- og uppeldissviði

Hér er einkum verið að horfa til þess hóps sem hefur nú þegar lokið stúdentsprófi og eru í þeim fasa að velja framtíðarstarfsvettvang og þar með nám til að stunda eftir stúdentspróf. Í vor útskrifast tveir árgangar úr framhaldsskóla og er því eftirsóknaveitt að horfa sérstaklega á þann hóp. Lagt er til að ráðið verði í allt að 30 störf í 10 vikur og munu þessir sumarstarfsmenn starfa í leikskólum.

Útfærslan fyrir þessi störf verði með þeim hætti að óskað verður eftir áhugasömum leikskólum sem eru reiðubúnir til þess að taka á móti þessum starfsmönnum í sumar. Lögð verður áhersla á góða móttöku og ákveðna umgjörð í kringum það, t.d. ákveðið námskeið fyrir þessa sumarstarfsmenn.

Sumarstörf í leikskólum fyrir 17 ára

Hér er horft til þess að það reynist oft erfitt fyrir þennan hóp að fá vinnu yfir sumartímann. Markmiðið með ráðningu þess hóps er að kynna þessi störf sem hugsanlegan framtíðarstarfsvettvang. Lagt er til að ráðið verði í allt að 30 störf í 10 vikur.

Útfærslan fyrir þessi störf verði með þeim hætti að 30 störfum verður skipt niður á leikskólana.

Viðbótarfjármagn

Í dag er staðan sú að ekki er um að ræða nein sumarstörf í leikskólum. Allir leikskólar loka í einhverjar vikur yfir sumartímann og fara því allir starfsmenn í orlof á sama tíma og er því ekki fjármagn fyrir þær afleysingar.

Hér er því um að ræða viðbótarstörf sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun og yrði kostnaðurinn við þessa tillögu um 59 milljónir og skiptist þannig:

Kostnaður við 1 starfsmann í leikskóla í 10 vikur er um 1.160.000 þannig að kostnaður við 30 starfsmenn er um 35 milljónir.

Kostnaður við 1 starfsmann í leikskóla (17 ára) í 8 vikur er um 785.000 þannig að kostnaður við 30 starfsmenn eru um 24 milljónir.